

1865.

14. sept.

skólameistarinn á að sjá um að haldin sé regla í skólanum, og hlýtur því að búa í sama húsinu, sem skólinn er í. Við þetta bætist það sem mestu varðar, að nú er alveg búið að heimfæra grundvallarreglurnar í lögnum frá 28. marzmán. 1855, um laun handa skólameisturunum og kennurunum við hina lærðu skóla í konungsríkinu Danmörku og við hinn lærða skóla og menntunarstofnun í Sórey, uppá hinn lærða skóla í Reykjavík, en samkvæmt lögum þessum eru skólameistararnir ekki skyldir til að halda bústöðum þeim, er fylgja embættum þeirra, við á sinn kostnað. Af því að lög þau, er nú var um getið, eru heimfærð uppá hlunnindi þau, sem embættismönnum við hinn lærða skóla í Reykjavík bera, leiðir aptur á hinn bóginn, að þinni síðari spurningunni ber að svara svo, að skólameistarinn hefir ekki rétt á að fá neinn eldivið ókeypis, því að lögin veita skólameisturunum ekkert þesskonar, og er þó auðsèð að svo hefir verið til ætlaðt, að öll þau hlunnindi væru tilgreind í lögnum, sem embættismönnum þessum bera.

Jafnframt þessu skal stjórnarráðið geta þess, að af því, sem að ofan er tekið fram, leiðir einnig, að þeir skólameistarar, sem framvegis verða skipaðir við Reykjavíkur skóla, verða skyldir að gjalda af bústað þeim, sem fylgir embætti þeirra, alla þá skatta og gjöld, sem sá er býr í annars manns húsi á að gjalda að lögum.

11. sept.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir nordur- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur.

Þér hafið, herra amtmaður, skýrt frá í bréfi 21. júnímán. þ. á., að þér í von um samþykki dómsmálastjórnarinnar hafið veitt Jóni bónda Jónssyni á Gilsá í Breiðdalshrepp í Suðurmúla-sýslu 20 ríkisdali úr búnaðarsjóði nordur- og austurumdæmisins fyrir framúrskarandi dugnað, er hann hefir sýnt í því að bæta jörð sína, til þess að hvetja hann til að halda áfram viðleitni

sinni. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin ekki hefir neitt á móti því, að þér hafið veitt þessi verðlaun.

1865.
21. sept.

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um konungstíund af hjáleigunni Sandhúsum í Ísafjarðarsýslu.

21. sept.

Reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir sent oss með bréfi dagsettu 26. f. m. eptirrit af öðrum lið útásetninganna við reikningana fyrir konungstíundinni og hinum öðrum tekjum ríkissjóðsins af Ísafjarðarsýslu á fjárhagsárinu 1862—63, ásamt með svari þess, sem samið hefir reikningana, og athugasemdum yfirskoðara um það, og borið það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort presturinn á Söndum hafi þau umráð yfir jörðunni Sandhúsum, að hann megi nota hana sjálfur, svo að hún verði undanþegin konungstíund.

Um þetta skal reikningastjórnardeildinni til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að jörð þessi eigi að vera undanþegin tíund, ef að hún í raun og veru heyrir undir prestssetrið.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um tíund af jörðinni Mýrum í Ísafjarðarsýslu.

21. sept.

Með bréfi dags. 26. f. m. hefir reikningastjórnardeild konungsríkisins sent oss eptirrit af 3. lið útásetninganna við reikningana fyrir konungstíundinni og hinum öðrum tekjum ríkissjóðsins af Ísafjarðarsýslu á fjárhagsárinu 1862—63 ásamt svari þess, sem samið hefir reikningana, og athugasemdum yfirskoðara um það, og borið það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort eigandi jarðarinnar Mýra, sem getið er um í útásetningunni, eigi